

Í framhaldi af auglýsingu um takmörkun á skólastarfi sem gefin var út sl. föstudag höfum við starfsfólk Egilsstaðskóla lagt upp nýtt skipulag fyrir nemendur sem gerir ráð fyrir skerðingu á skóladegi hjá nemendum í 1.-6.bekk og fjarkennslu hjá nemendum í 7.-10.bekk. Samkvæmt nýjum viðmiðum mega foreldrar eða aðrir gestir ekki lengur koma inn í skólann og bið ég alla að virða það.

Foreldrar nemenda sem eru heima af einhverjum orsökum. Þurfa að gera ráðstafanir til þess að nálgast gögn nemenda svo þeir geti unnið heima við. Þeir eru beðnir að vera í sambandi við kennara.

Eftirfarandi gildir fyrir nemendur í 7.-10. bekk.

Lagt verður upp með fjarkennslu fyrir nemendur í 7.-10. bekk. Kennarar munu setja upp skipulag fyrir hvern dag inn á Teams og eiga nemendur að vinna eftir því. Kennarar munu senda póst með nánari upplýsingum um hvernig þeir munu hafa samskipti við nemendur að aðstoða þá.

Gerð var könnun á aðgengi nemenda að nettengdum tækjum og munu þeir nemendur sem ekki höfðu aðgang að slíku heima fá lánaðar Chrome books tölvur frá skólanum. Tækin verða afhent á morgun. Nemendur eru boðaðir í skólann á morgun í stutta stund til þess að sækja gögn og hitta kennara sína. Nemendahópar mæta í skólann með ákveðnu tímamillibili og er mjög mikilvægt að nemendur séu stundvísir. Dyr skólans verða læstar og starfsmenn munu hleypa inn hverjum hópi ekki fleiri en 20 nemendur í einu. Til þess að ekki myndist biðraðir við innganga er mikilvægt að nemendur komi sem næst boðuðum tíma.

Skólanum hefur verið skipt upp í hólf og ekki er leyfilegur samgangur milli þessara hólfa vegna sóttvarna. Nemendur mega því ekki fara á eigin spýtur um skólann. Jafnframt verða þeir að halda til í kennslustofu með sínum hópi nema kennari fylgi þeim. Ekki verður opið milli kennslustofa. Ég bið foreldra að útskýra þessar óvenjulegu aðstæður fyrir börnum sínum og ítreka mikilvægi þess að þau fari að fyriræmum starfsmanna.

Allir nemendur í 7.-10. bekk eiga að koma inn um aðalinngang. Athugið að þetta er breyting.

7.bekkur - Birnu stofa 12:20

7.bekkur - Hlíðar stofa 14:20

8.bekkur - Söndru stofa 12:40

8.bekkur - Jóns stofa 14:00

8.bekkur - Sigrúnarstofa 15:10

9.bekkur - Margrétar stofa 13:00 (stofa 25) - send verður hópaskipting

9.bekkur - Fjólu stofa 14:50 (stofa 26) - send verður hópaskipting

10.bekkur - Þórunnar stofa 13:30

10.bekkur - Sigfúsar og Hrefnu stofa 15:40

Með kveðju,

Ruth